
Reglur fyrir Nótñasjóð og Upptökusjóð

1. grein

Á vegum STEFs eru starfræktir tveir sjóðir, Nótñasjóður og Upptökusjóður.

Skal hvor sjóður bókfærður í bókhaldi STEFs sem deild í Tónmenntasjóði samtakanna. Reikningar þeirra skulu vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og kjörnum skoðunarmönnum samtakanna.

2. grein

Markmið Nótñasjóðs er að styrkja útgáfu íslenskra tónverka, þ.e. tónlistar með eða án texta, á nótum og á stafrænu formi, svo og að styrkja sambærileg verkefni sem samrýmast fyrrgreindu meginmarkmiði að mati sjóðsstjórnar. Tekjur sjóðsins eru þær tekjur, sem STEF fær úthlutaðar frá FJÖLÍS, svo og fjármagnstekjur af fjármunum sjóðsins á hverjum tíma.

3. grein

Markmið Upptökusjóðs er að styrkja útgáfu íslenskra tónverka, þ.e. tónlistar með eða án texta, á hljómplötum, hljómdiskum og öðrum hljóðritum sem og á mynddiskum og öðrum myndritum, svo og að styrkja sambærileg verkefni sem samrýmast fyrrgreindu meginmarkmiði að mati sjóðsstjórnar. Tekjur sjóðsins eru hluti innlendra höfunda í sértekjum vegna kapalútarps svo og hlut af framlagi STEFs til menningarmála (Tónmenntasjóður) samkvæmt ákvörðun stjórnar STEFs á hverjum tíma.

4. grein

Stjórn hvors sjóðs skipa fimm menn, þar af fjórir tilnefndir af stjórn STEFs, auk framkvæmdastjóra samtakanna sem stýrir fundum sjóðsstjórnar. Varamenn í stjórn hvors sjóðs skulu vera tveir, tilnefndir af stjórn STEFs.

Tveir af stjórnarmönnum í stjórn Nótñasjóðs skulu vera félagsmenn í Tónskáldafélagi Íslands, einn félagi í Félagi tónskálda og textahöfunda og einn standa utan félaganna. Tveir af stjórnarmönnum í stjórn Upptökusjóðs skulu vera félagsmenn í Félagi tónskálda og textahöfunda, einn félagi í Tónskáldafélagi Íslands og einn standa utan félaganna.

Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu skipaðir til tveggja ára í senn, í fyrsta sinn í júní 2010 fyrir tímabilið 1. júlí það ár til 30. júní 2012.

5. grein

Hvor sjóðsstjórn skal halda tvo reglulega fundi á ári hverju, annars vegar á tímabilinu 15. apríl til 15. maí og hins vegar á tímabilinu 15. september til 15. október, svo og aukafundi ef þörf krefur.

Stjórnarfundir skulu haldnir samkvæmt nánari ákvörðun framkvæmdastjóra STEFs eða ef einhver stjórnarmaður fer sérstaklega fram á það. Skal framkvæmdastjóri sjá um að boða til stjórnarfunda með hæfilegum fyrirvara. Stjórnin er ákvörðunarbær ef þrír stjórnarmenn eru mættir til fundar og ræður afl atkvæða úrslitum í stjórninni.

Fundargerð skal halda um það sem fram fer á stjórnarfundum.

6. grein

Sjóðsstjórn úthlutar styrkjum úr hvorum sjóði og skulu styrkir að jafnaði veittir á grundvelli umsókna, þar sem fram skal koma tilgangur styrkumsóknar og kostnaðar- og tímaáætlun vegna þess verkefnis sem um er að ræða. Tilkynna skal á heimasíðu STEFs í tæka tíð að umsóknarfrestur sé til 10. apríl vegna úthlutunar að vori og til 10. september vegna úthlutunar að hausti.

Styrkir skulu veittir á faglegum forsendum, óháð félagsaðild umsækjanda eða þess tónhöfundar sem í hlut á. Heimilt er að veita Tónskáldafélagi Íslands og Félagi tónskálda og textahöfunda styrki til einstakra verkefna, enda samrýmist þau markmiði hvors sjóðs um sig skv. 2. og 3. grein.

Óheimilt er að úthluta meira úr hvorum sjóði um sig á ári hverju en nemur tekjum sjóðsins á hverjum tíma.

7. grein

Stjórn STEFs getur tekið ákvörðun um að veita tilteknum fjárframlögum úr hvorum sjóði um sig, að hámarki 3 milljónum króna á ári hverju. Ber stjórn hvors sjóðs að taka tillit til þessara framlaga við úthlutun styrkja úr hvorum sjóði um sig, sbr. 6. grein.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar STEFs 11. maí 2010 og breytt á stjórnarfundum 23. mars 2012. Uppfært með tilliti til þeirrar breytingar að Hljóðritasjóður fékk nýtt nafn, Upptökusjóður 2019 auk þess sem heiti STEFs var uppfært í samræmi við breytingar.